

Mat elstu barna á starfi skólans

Leikskólinn Marbakki



Unnið í júní 2011

Unnið af Báru Skæringsdóttur og Kristínu Þ. Guðmundsdóttur

Inngangur

Farið var af stað með elstu börnum skólans í mat á starfi leikskólans Marbakka í júní síðastliðnum. Fjórtán börn eru á elsta ári í skólanum. Þrettán gerðu einstaklingsmatið en þegar hópmatið fór fram voru þrjú börn hætt og önnur byrjuð að fara í sumarfrí. Þessi þrettán barna hópur samanstendur af 6 strákum og 7 stelpum.

Verkefnið var tvíþætt, annars vegar einstaklingsmat og hópmat. Tilgangurinn með því að vinna verkefnið tvíþætt var að sjá hvort ólíkar niðurstöður kæmu fram eftir því hvort börnin mætu starfið í hóp eða sem einstaklingar. Í fyrri hluta skýrslunnar koma fram niðurstöður úr einstaklingshlutanum og í þeim seinni úr hóphlutanum, þar sem börnunum var skipt í þrjá hópa í byrjun en í lokin urðum við að sameina tvo hópa og voru fjögur börn í sameinaða hópnum. Farið er í nánari útskýringar á hvernig verkefnin voru unnin síðar í skýrslunni.

Gaman var að sjá hversu viljug og áhugasöm þau voru um einstaklingsverkefnið og biðu þau spennt eftir því að röðin kæmi að þeim að fá að taka myndir í leikskólanum. Þótti þeim afar spennandi að fá að handleika myndavélina og flest völdu þau viðfangsefnið af handahófi. Þurfti oft að minna þau á til hvers myndatakan væri.

Börnin sýndu lítinn áhuga á viðfangsefninu í hópaverkefninu og eftir reynslu síðasta árs þar sem spurt var um 12 liði í einu ákváðum við að skipta verkefninu í tvo hluta. Þrátt fyrir það var áhuginn lítill og umræðurnar og einbeitingin af skorum skammti. Við mælum með því að þetta mat verði gert í lok mars byrjun apríl því eftir þann tíma eru miklar annir í leikskólanum við ýmiskonar hátíðir og uppákomur ásamt því að börnin hætta í leikskólanum á misjöfnum tíma ársins.

Einstaklingsmat


Börnin fengu í hendurnar myndavél og þeim voru gefin þau fyrirmæli að þau ættu að taka myndir af því sem þeim þætti skemmtilegast/best og leiðinlegast/verst við leikskólann. Hugmyndin var að þau myndu ganga um skólann og taka myndir af eigin frumkvæði, en reyndin var sú að það þurfti að minna þau á ýmis svæði í leikskólanum. Við metum það sem svo að áhuginn á verkefninu hafi ekki verið til staðar, heldur bara að fá að taka myndir af hverju sem er. Kennari fylgdi þeim eftir og skráði hjá sér athugasemdir þeirra.

Mjög mikil dreifing var í svörun barnanna og nefndu þau oftast það sem þeim finnst skemmtilegt að gera. Flest börnin nefndu leiki og leikföng sem tengjast þeirra eigin áhugasviði og þar má segja að búningarnir séu vinsælastir. Mörg þeirra nefna leikföng sem eru ný á deildinni s.s. H-kubba, Dúkkuhús með Nóa, ný spil og Lokon kubbar. Að öðru leiti var dreifingin jöfn á leikföngin og svæðin í leikskólanum. Þó má nefna að einhverjir sakni þess að fá ekki að koma með eigin dót í leikskólann. Einnig var gaman að einn drengurinn nefndi að honum þætti gaman að skuggum – „að hann hreyfist eins og ég“ eins og hann orðaði það.

Útivera var hlutfallslega minna nefnd en á síðasta ári og má rekja það til þess að kalt hefur verið í veðri. Sérstaklega nefna þau að þeim þykir gaman að leika sér innan um trén og sum hafa helgað sér svæði innan trjálundanna. Eitt barnið nefnir að því þykir gaman að rækta grænmeti sem er ánægjulegt þar sem við hvetjum þau til þátttöku. Mörg nefndu að það væri gaman að borða úti.

Þau börn sem hafa verið í sérkennslu í vetur nefndu öll eitthvað atriði þaðan sem það skemmtilegast við leikskólann. Þetta verður að teljast mjög jákvætt fyrir þá sem starfa í sérkennslu og er okkur hvatning að halda áfram á réttri braut að gera námið áhugavert.

Skemmtilegast/best við Marbakka



Þegar börnin fengu myndavélina í hendur voru þau ekki öll viss um af hverju þau ætluðu að taka mynd og þurftu kennarar að benda þeim á svæðin og minnst á hvort ekki væri eitthvað á því svæði sem væri áhugavert. Í matinu á síðasta ári kom fram að börnin væru ekki upptekin af núinu en því er öfugt farið nú. Við upplifðum þau meira velja áhugasvið útfrá núinu og í raun þurfa hjálp við að muna.


Einnig vöktu ákveðnir hlutir áhuga þeirra sem þau hafa sjaldan notað eða unnið með og má því nýta sér áhuga þeirra til að virkja þessa hluti til verkefna þar á meðal voru trampólín, twister og segultafla á vegg. Salurinn hefur ekki verið mikið notaður undanfarið en miklar breytingar hafa átt sér stað í salnum en við ekki nýtt hann sem skildi. Það sem er þó áhugavert er að börnin sýndu salnum þá engan sérstakan áhuga þrátt fyrir það, ólíkt því sem var í fyrra. Þrjár deildir skipta með sér svæðum í salnum auk þess sem það er borðað í salnum. Má að vissu leiti rekja minni notkun til þess að matartímar skarast á milli deilda og hafa kennarar upplifað að börnin trufla börnin sem eru að borða. Einnig má rekja manneklu til minni afnota þar sem starfsmaður þarf að fylgja börnunum á svæðið en langt er frá deild í salinn.

Einnig voru börnin fengin til að mynda það sem þeim þætti leiðinlegast/verst við skólann. Ekki gekk það alveg jafn smurt og þegar spurt var hvað þeim þætti best eða skemmtilegast.

Flest áttu í töluverðum vandræðum með að ákveða hvað þeim þætti leiðinlegt. Þegar allt kom til alls voru það leikföng eða ákveðnir leikir sem oftast voru nefnd. Einnig kom fram að þeim þætti afar leiðinlegt ef einhver annar væri að skemma fyrir þeim í leik eða stríða þeim og meiða eða taka af þeim leikföng. Fjórum þótti leiðinlegt að klæða sig og tveimur þóttu skráfurnar leiðinlegar.

Annars var dreifingin jöfn yfir leikföng og leiki. Ekkert eitt stóð uppúr í minni barnanna og þurfti að hafa svolítið fyrir því að fá svör um hvað væri leiðinlegt.


Leiðinlegast/verst við Marbakka



Hópmat

Börnunum var skipt upp í þrjá hópa og voru þau spurð um tólf atriði sem snúa að leikskólanum og starfinu þar. Þau voru spurð hvort þeim þætti þau jákvæð eða neikvæð og hvers vegna. Unnum við mikið með orðin skemmtilegt, leiðinlegt, gott, vont, best, verst. Það var gert til að hjálpa börnunum að gera sér grein fyrir hvers var ætlast til af þeim í verkefninu, þar sem liðirnir eru afar ólíkir. Unnið var með sjónræna þáttinn og myndin hér að neðan prentuð út og sett fyrir framan börnin. Sköpuðust þá umræður um jákvæða og neikvæða þætti hvers atriðis.

Sjónrænt mat



Grænt = Jákvætt

Rautt = Neikvætt

Maturinn

Börnin voru almennt séð ánægð með matinn í leikskólanum en það var misjafnt hvað þeim þótti gott og hvað þeim þótti slæmt enda er smekkur manna ólíkur. Einn hópurinn vildi alveg sleppa hafragrautum og hafa ristað brauð í staðinn. Spurt var um hvort það væri eitthvað annað sem þau myndu vilja fá í matinn og komu fram nokkrar tillögur. Þær voru eftirfarandi; krókudílakjöt, kakósúpa, oftast ristað brauð. Einn hópurinn vildi alltaf hafa kex og kakó í kaffitímanum. Einn drengurinn nefndi kartöflustöppu með blautum hrísgrjónum, papriku og gúrku.

Á þessu má sjá að börnin voru sátt með matinn í leikskólanum en hefðu skoðanir á því hvernig maturinn væri.

Kennararnir

Börnin höfðu misjafnar skoðanir á kennurunum. Einn hópurinn var mjög ánægður með þá og þótti „knús skemmtilegir“ eins og ein stelpan orðaði það. Í hinum hópnum vildu þau „galdra kennarana í burtu“ eða „að kennararnir myndu alltaf hlýða okkur“ eins og sagt var. Börnin töluðum um að kennararnir væru of skipandi og strangir en þykir gaman þegar þeir taka þátt í leiknum og lesa fyrir þau. Um þessar mundir eru ungur piltur inná deildinni þeirra og nýtur hann mikilla vinsælla og greinilegt að börnin sakna þess að hafa karlkyns kennara. Sérkennararnir fengu gott hrós og ná þeir greinilega vel til barnanna.

Útivera

Einn hópurinn fór á mikið hugarflug. Byrjaði í neikvæðni og endaði í algjörrri vitleysu m.a. vildu þau láta breyta lóðinni í sundlaug, sofa ofan í vatninu og fylla leikskólann af vatni. En annar kom fram hjá þeim hóp að það vantaði vega salt í garðinn. Allir hóparnir töluðum um að þau væru of lítið úti. Einn hópurinn nefndi að neðri garðurinn væri lítið notaður og vildu fá að nýta hann betur. Skemmtilegt þótti þeim að fara í kastalann, eltingaleik og ýmsa aðra leiki.

Valfundur

Almennt þykir þeim skemmtilegt að fara í val en þykir biðin leiðinleg. Það að þau geta ekki alltaf valið það sem þau hefðu helst viljað vegna fjöldatakmarkana þykir þeim leiðinlegt. Sum verkefni kalla á að takmarka verður fjölda barna í verkefnin og af því læra börnin einnig að taka höfnun sem er mikilvægt fyrir þau. Annars myndu börnin vilja hafa fleiri valmöguleika í boði og myndu alltaf vilja hafa búninga, dúkkó, bangsa og tjaldið í vali.

Samverustundir

Flestum þykir samveran skemmtileg. Þeim þykir gaman þegar farið er í leiki eða þegar lesið er fyrir þau. Nánast öllum þykir frekar leiðinlegt að syngja, lögin leiðinleg og of löng því það er erfitt að læra textana. Myndu vilja hafa stutt lög. Öllum þótti leiðinlegt að bíða í samveru. Það er sama útkoma úr matinu á síðasta ári og teljum við að ástæða fyrir ólíkri upplifun barnanna á samverunni milli ára frekar liggja í öðrum áherslum í samveru frekar en hvað gert er.

Einum þótti leiðinlegt í samveru og einu barni fannst leiðinlegt að tala um daginn og veðurfréttirnar. Í samverustundum er farið yfir hvaða dagur er í dag og hvernig veðrið er og hvernig skal klæða sig fyrir útiveru.

Á síðasta ári var tekin ákvörðun um að hafa tvær samverustundir, þ.e. skipta börnunum í tvo hópa, en ekki varð úr því. Aftur er verið að tala um að hafa tvær samverustundir næsta vetur en það verður að koma í ljós hvað verður.

Vettvangsferðir

Öllum börnunum finnst skemmtilegt að fara í vettvangsferðir en getur verið erfitt ef þarf að ganga langt. Eitt barnið sagði þó: „það er gott að vera þreyttur í fótunum“. Flest myndu vilja fara oftár í vettvangsferðir, jafnvel oftár en einu sinni í viku, þó ekki á hverjum degi. Í vetur hefur barnahópurinn verið þannig samsettur að ekki hefur verið hægt að fara eins oft í ferðir og maður hefði viljað auk þess má kannski skýra færri vettvangsferðir vegna fjögurra vikna sumarlokunar leikskólans. Einnig hefur verið verið kalt og Grímsvatnagos var.

Börnunum þykir skemmtilegt að fara á söfn, á aðra leikvelli og fara í rútu og strætó.

Listasmiðjan

Öllum þykir þeim gaman að fara í listamiðjuna. Skemmtilegast þykir þeim að mála. Myndu vilja mála oftár. Nefndu vaxliti sem dýfðir eru í vatn. Einn hópur nefndi klukku sem þau hefðu búið til og vilja halda áfram með. Börnin voru frekar áhugalaus um þennan lið og teljum við það vera vegna minni áherslu á listasmiðju sem slíka seinni hluta vetrar, þegar myndlistakennari fór í leyfi.

Húsið

Þeim finnst leikskólinn sinn skemmtilegur og flottur. Það væri nóg pláss og allt væri skemmtilegt. Í síðasta mati sagði eitt barnið að það langaði að eiga svona hús og sofa hérna. Það sama kom upp í einum hópnum núna. Eitthvert barnið nefndi sérkennsluherbergið sem sérstaklega skemmtilegt. Matið fór fram mikið til í sérkennsluherberginu og má rekja það svar til nálægðar við ýmsan sýnilegan efnivið sem þar er.

Deildin mín

Öllum þótti þeim deildin sín skemmtileg. Eitt barnið sagði að „deildin eins og kastali af því hann er svo flottur“. Annað barn sagði að deildin væri „æðisleg 10 sinnum“. Þau tengja kennarana við deildina og kom upp umræða um kennara aftur hér. Helst myndu þau vilja hafa einn kennara á hvert barn svo þau fengju betri þjónustu. Einnig voru þau tilbúin að fá ný börn inná deildina. Má trúlega rekja það til þess að um þessar mundir hefur átt sér stað aðlögun frá yngri deild.

Þau nefndu hér að þau myndu vilja hafa íþróttir í vali og nefndu í því sambandi trampólínið. Þeim þykir vera til mikið af dóti í leikskólanum svo ekki þarf að hafa áhyggjur af því.

Kubbasvæðið

Öllum þykir kubbasvæðið skemmtilegt. Skemmtilegast þykir þeim að nota einingarkubbana og myndu vilja fá fleiri einingakubba. Þegar þau eru að byggja úr kubbum þá klára þau oft efniviðinn en vilja síður skemma það sem búið er að gera heldur halda áfram með verkefnið. Þeim þykir mjög gaman að blanda saman ólíkum leikefnum. Minna var um að slíkt væri leyft á síðasta ári. Einnig töluðu þau um að kubbasvæðið væri of lítið – vilja hafa það stærra. Almennt fara um fimm börn á kubbasvæðið í einu. Spurning hvort þurfi að fækka börnunum sem fá að fara í einu á svæðið þar sem þau upplifi þrengsl þegar margir eru.

Salurinn

Þeim þykir öllum gaman að leika í salnum „ótrúlega gaman“. Þau nefna að þeim þykir gaman að leika í dúkkukróknum, nýja ljósið á ljósatorginu, Twister, þrautabraut, limbó og diskó. Dúkkukrókurinn er nýr og mjög vel búinn af öllu mögulegu tengt heimilishaldi og hægt að fara í góða hlutverkaleiki þar. Nýja ljósið á ljósatorginu er svokallað „BlackLight“ og gerir neon liti bjartari. Börnunum þykir það mjög skemmtilegt. Breytingin í salnum í vetur hefur valdið því að minna er farið í íþróttatengda leiki eins og Twister, þrautabraut og limbó. Börnin muna þó greinilega eftir því að það var einu sinni gert og sakna þess. Einnig vilja þau fá að fara oftari í salinn en gert er í dag eins og kemur fram í einstaklingsmatinu.

Umsjónarmenn

Í vetur hefur verið tvenns konar umsjónarkerfi. Barn er umsjónarmaður í samveru og leggur sá einnig á borð fyrir alla. Svo er einn umsjónarmaður á hverju borði á matmálstímum, sem sér um að ganga frá og sækja mat ef vantar. Þetta þykir börnunum einstaklega skemmtilegt. Eitt barnið nefndi; „gaman að gera fyrir hina“. Annar nefndi að það væri erfitt að halda á þungu. Þeim þótti mjög gaman þegar þau voru bæði umsjónarmenn á borði og í samveru. Fengu meira vægi. Einn talaði um að hann vildi hafa fleiri en einn umsjónarmann þannig að umsjónarmenn gangi frá saman þá væri það skemmtilegt.

Nokkrar myndir teknar af börnunum




Vinirnir



Útivera; fótbolti og leika í trjánum



Búningar



Kubbarnir



Dúkkuhús með Nóa

Nokkrar myndir teknar af börnunum



Dúkkukrókur




Segultaflan



Klæða sig í/úr



Trampolin



Skugginn minn



Skrúfurnar

Nokkrar myndir teknar af börnunum




Mála/Lita



Vettvangsferðir



Sérkennsla



Meiða